

Vinnureglur vegna greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga í sjúkraþjálfun

Reglugerð nr. 1266/2022 um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu

Velferðarráðuneytið hefur sett reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nú nr. 1266/2022. Samkvæmt reglugerðinni á sjúkratryggður, sem þarf á þjálfun að halda að mati læknis og þjálfara, rétt á allt að 15 skiptum í þjálfun á einu ári, þ.e. 365 dagar talið frá fyrsta meðferðarskipti. Sjúkratryggður getur einnig átt rétt á nauðsynlegri þjálfun umfram 15 skipti á einu ári. Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga í slíkri viðbótarþjálfun er að Sjúkratryggingar hafi samþykkt umsókn um greiðsluþátttöku.

Vinnureglur þessar gilda einnig vegna framhaldsmeðferða hjá þeim sjúkraþjálfurum sem starfa samkvæmt reglugerð nr. 1364/2019 um endurgreiðslu kostnaðar um þjónustu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar.

Viðbótarmeðferð í sjúkraþjálfun

Umsóknum til Sjúkratrygginga um viðbótarþjálfun skal fylgja greinargerð frá sjúkraþjálfara þar sem fram kemur sjúkdómsgreining sjúkratryggðs og að hvaða leyti sjúkdómsástand hans fellur undir heimild til viðbótarþjálfunar samkvæmt reglugerð um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar.

Með umsókn skal fylgja markmið með meðferð, mat á færni og upplýsingar um árangur meðferðar metið með stöðluðum matstækjum eða öðrum hlutlægum mælingum.

Mat á færni

Þegar færni er metin skal nota stöðluð matstæki þar sem þau eru til, sjá t.d. mælitækjabanka á heimasíðu Félags sjúkraþjálfara. Miðað skal við raunhæfa getu einstaklinga miðað við aldur.

Færnisferðingu skal einnig meta út frá sjúkraþjálfun og þeim meðferðarúrræðum sem sjúkraþjálfarar hafa.

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga í meðferð umfram 15 skipti á 12 mánuðum.

1. Sjúkraþjálfun fyrir fötluð börn, fjölfatlaða einstaklinga eða vegna frávika frá eðlilegum hreyfiproska.
2. Sjúkraþjálfun sem er nauðsynlegur liður í endurhæfingu eftir aðgerð, alvarleg veikindi eða slys sem leitt hefur til meiri háttar færnisferðingar. o Sjúkraþjálfun vegna eftirtalinna langvinnra

sjúkdóma eða annars ástands þar sem sýnt þykir að þjálfunin geti seinkað eða komið í veg fyrir meiri háttar færniskerðingu. Í umsókn þarf að koma fram rökstuðningur sem skýrir færniskerðingu.

- a. Bólugigtarsjúkdómar eins og liðagigt (RA), Morbus Bechterew, psoriasisgigt eða sambærilegt.
 - b. Taugasjúkdómar eins og MS, MND, Parkinson, vöðvarýrnunarsjúkdómar eða sambærilegt.
 - c. Alvarleg (útbreidd) slitgigt, þ.e. slitgigt sem veldur hreyfiskerðingu og verkjum og hefur mikil hamlandi áhrif á athafnir daglegs lífs.
 - d. Vefjagigt ef er í virku endurhæfingu og er metin með alvarlega vefjagigt. (FIQ>70).
 - e. Langvinnir blóðrásar- og lungnasjúkdómar
2. Skilyrði fyrir langtímameðferð er að viðkomandi sé í háum eða miðlungs áhættuflokki fyrir endurteknum vandamálum frá hjarta við þjálfun (þrektala < 1,5 W/kg) eða sé háður súrefni við æfingar.
- a. Samþykkt er heimameðferð 100% ef um er að ræða einstaklinga sem hafa mjög skerta sjálfsþjargargetu vegna sjúkdómsástands, sbr. 5. mgr. 21. gr. reglugerðar nr. 1248/2019. Sjúkraþjálfari þarf að óska eftir og rökstyðja ástæðu fyrir 100% greiðsluþátttöku Sjúkraþjálfara.
3. Sjúkraþjálfun í heimahúsi þegar sjúkraþjálfun er nauðsynlegur þáttur í því að sjúklingur geti dvalið heima og kemst ekki á sjúkraþjálfunarstofu. Alltaf þarf að óska eftir samþykki Sjúkratrygginga fyrirfram vegna heimþjálfunar.

Ef greinilegt bataferli er í gangi samkvæmt endurteknum mælingum og sýnt þykir að árangur gangi til baka við stöðvun meðferðar er heimilt í sérstökum tilvikum að samþykkja viðbótarþjálfun þó svo að sjúkdómsgreining falli ekki undir töluliði hér fyrir ofan. Með umsóknum skal fylgja ítarlegur rökstuðningur frá sjúkraþjálfara þar sem fram kemur sjúkdómsgreining sjúkratryggðs, niðurstaða skoðunar, mat á færni, meðferðaráætlun, markmið meðferðar og framvinda, metið með hlutlægum mælingum.

Ef einstaklingur er í virku endurhæfingarferli er heimilt að samþykkja viðbótarþjálfun þó sjúkdómsgreiningar falli ekki undir ofangreindar flokkanir enda fylgi umsókn meðferðaráætlun sem skýrir markmið endurhæfingar. Mikilvægt er að með slíkri umsókn fylgi hlutlægar mælingar á færni viðkomandi.

Annað

Ef sjúkratryggður hefur nýtt heimild sína en er vísað aftur til sjúkrabjálfa vegna nýrra vandamála er Sjúkratryggingum heimilt að samþykkja viðbótarþjálfun enda sé skýrt að um nýtt óskilt vandamál sé að ræða, t.d. einkenni frá hrygg annars vegar og útlím hins vegar.

Langtímameðferð

Ef sjúkratryggður þarf að mati læknis og sjúkrabjálfa á langtímameðferð að halda er heimilt að samþykkja þjálfun tvisvar í mánuði.

Ef ljóst er (t.d með reglubundnum mælingum) að meðferðarfjöldi tvisvar í mánuði nægi ekki er heimilt að samþykkja langtímameðferð einu sinni í viku, en þó að hámarki 45 skipti á 12 mánaða tímabili.

Í undantekningartilvikum þegar um er að ræða alvarleg og útbreidd vandamál er heimilt að samþykkja langtímameðferð oftari en einu sinni í viku. Sem dæmi ef einstaklingur þarfnast mikillar aðstoðar við athafnir daglegs lífs eða þjálfun kemur í veg fyrir alvarlega versnun einkenna t.d. kreppuvarnir.

Hópmeðferð

Sömu kröfur gilda og eru tilgreindar hér að framan þegar sótt er um framhaldsmeðferð í hóp. Koma þarf fram í umsókn mælanlegur árangur og markmið. Samþykkt er hópmeðferð samhliða almennri meðferð ef ekki er um sama vandamál að ræða. Ef um meðferð er að ræða vegna sama vanda er samþykkt hópmeðferð samhliða almennri meðferð í takmarkaðan tíma (2- 3 mánuðir).